

Könnun meðal foreldra fermingarbarna

í söfnuðum Kjalarnessprófastsdæmis

2018



Útgefandi:

Kjalarnessprófastsdæmi
Hafnarfjörður – júlí 2018



Fermingarstarf kirkjunnar nýtur trausts meðal foreldra

Inngangur

Fermingin er tímamót og hátíð fyrir börnin og fjölskyldur þeirra. Að baki er fermingarveturinn og langur undirbúningur fyrir þennan hátíðardag. Á þeim tíma hafa börnin sótt fræðslusamverur, fræðst um trúna og um lífið sjálft; hamingju og ábyrgð, efa, sorg og mótlæti, áskoranir í dagsins önn. Auk þess er farið í ferðalag og börnin taka þátt í ýmsum viðburðum og helgihaldi ásamt foreldrum sínum. Foreldrar vænta góðs af fermingarfræðslunni, að börnin fái gott veganesti á vegferð sinni til fullorðinsáranna og verði betur í stakk búin til að takast á við viðfangsefni lífsins, siðferðileg álitamál og hvernig við getum orðið betri manneskjur. Fermingarveturinn er einnig tækifæri fyrir kirkjuna til að eiga samleið með unglingum á mikilvægu mótunarskeiði og fjölskyldum þeirra og þá reynir á að byggja upp gott og faglegt starf. Í fræðslustefnu þjóðkirkjunnar kemur fram að markmið fermingarstarfsins sé að „styrkja trúarvitund barnanna, kenna þeim grundvallaratriði kristinnar trúar, virkja þau í starfi kirkjunnar og vekja þeim áhuga og jákvæða sýn á starf og tilvist kirkjunnar.“¹

Nú í vor var gerð könnun á meðal foreldra í söfnuðum Kjalarnessprófastsdæmis um fermingarstarfið. Könnunin var vefkönnun (google.forms.com) sem var opin frá 17. apríl til 13. maí. Spurningalistinn var sendur út með tölvupósti í samstarfi við presta sóknanna á netfangalista foreldra fermingarbarna í hverjum söfnuði. Samtals fermdust 765 börn í söfnuðum Kjalarnessprófastsdæmis og voru 1.185 foreldrar sem fengu bréf um könnunina og tengil á spurningalistann. Foreldrar fermingarbarnanna eru þó fleiri, en það skýrist af því að þeir skráðu í sumum tilfellum aðeins netfang annars foreldris og í sumum söfnuðum var einungis óskað eftir einu netfangi.

Alls svöruðu 506 foreldrar spurningalistanum, sem er 43% svörun, þar af voru mæður 77% og fedur 23% og jafnt hlutfall foreldra stúlkna og pilta. Líklegt er að í einhverjum tilvikum hafi báðir foreldrar svarað fyrir barn sitt og þar sem um fjölbura var að ræða máttu foreldrar senda svar inn fyrir hvert barn. Svarhlutfallið er hátt og einnig ber að hafa í huga að úrtakið er næstum allt þýðið og því eiga svörin að sýna áreiðanlegar niðurstöður. Í spurningalistanum var m.a. spurt um fermingarfræðsluna, áhuga barnanna, fermingarathöfnina og helgihaldið. Einnig um þátttöku barnanna í kristilegu æskulýðsstarfi og hvort foreldrar hefðu kennt barninu bænir eða sagt því Biblúsögur.

Fermingarstarfið er mikilvægur þáttur í fræðslu- og safnaðarstarfi og mikilvægt að hlúa vel að starfinu og vinna markvisst að framþróun þess. Þá mynda fermingarbörn og fjölskyldur þeirra í mörgum söfnuðum kjarna þeirra sem sækja helgihaldið hvern sunnudag yfir vetrarmánuðina. Tilgangur könnunarinnar var að skoða afstöðu foreldra til fermingarstarfsins, bæði almennt og einnig eftir söfnuðum. Með þeim hætti má meta það sem vel er gert og hvar tækifæri eru til þess að gera betur og afstöðu foreldra til helgihaldsins og þátttöku barnanna í því. Í þessari skýrslu verður greint frá almennum niðurstöðum könnunarinnar.


¹ Fræðslustefna þjóðkirkjunnar (2013). Sótt 18. júlí, 2018: www.kirkjan.is/um/stefnumal/fraedslustefna/

Prestum safnaða Kjalarnessprófastsdæmis eru þakkaðar góðar viðtökur og ábendingar við gerð könnunarinnar og útsendingu spurningalista. Einnig er Verenu Schnurbus þakkað fyrir aðstoð við úrvinnslu tölfræðigagna og sr. Þórhildi Ólafs, prófasti, fyrir gagnlegar ábendingar um könnunina og frágang skýrslunnar. Myndin á forsíðunni er af fermingarbörnum í Lágafellskirkju sem var tekin nú í vor rétt áður en gengið var til kirkju og er að finna á Facebook-síðu kirkjunnar.


Niðurstöður

Niðurstöðurnar eru afar jákvæðar og sýna ánægju með fermingarstarfið (mynd 1), m.a. finnst nær öllum foreldrum (95%) að kirkjan leggi áherslu á fermingarstarfið og að vel sé staðið að umgjörð þess, þ.e. upplýsingamiðlun til foreldra (94%), tímasetningu fræðslunnar (86%) og skráningu (96%). Sama á við um fermingarfræðsluna sjálfa, en niðurstöðurnar sýna að foreldrar telja börn sín vera ánægð með námsefnið og fermingarfræðara/leiðbeinendur og að heimanámið er ekki íþyngjandi (mynd 2 og 3).


Mynd 1



Mynd 2




Mynd 3




Vinsælasti viðburður fermingarstarfsins er ferðalagið í Vatnaskóg, sem hefur fest sig í sessi sem mikilvægur og uppörvandi þáttur í starfinu og það staðfesta foreldrnir (95%). Þátttaka fermingarbarna í söfnun Hjálparstarfs kirkjunnar fyrir vatnsverkefnum í Afríku er árviss viðburður og nýtur einnig vinsælda meðal barnanna (78%). Í Kjalarnessprófastsdæmi tóku söfnuðir sig saman og stóðu fyrir nýjum viðburði, þ.e. fermingarbarnahátíð undir yfirskriftinni „Betri eru tveir en einn“. Foreldrar telja börn sín hafa verið ánægð með hátíðina (74%) og það er hvatning til að endurtaka hana næsta vetur.

Mynd 4




Almenn gagnrýni á helgihald kirkjunnar hefur verið áberandi í gegnum tíðina og þar einkum verið nefnt að það sé hátt upphafið, torskilið orðfæri og ekki í takti við nútímann. Fermingarbörn, foreldrar þeirra og fjölskyldur eru fastagestir í helgihaldi kirkjunnar. Það staðfestir könnunin, en meirihluti foreldra (60%) þekkir vel til helgihaldsins og hafa flestir sótt messu mjög oft eða oft með börnum sínum. Það er athyglisvert að þrátt fyrir almenna gagnrýni sem áður hefur verið getið eru foreldrar ánægðir með helgihaldið (mynd 5). Það kemur fram í því að þeim líður vel í kirkjunni og njóta helgihaldsins (91%) og þeim þykir prédikunin vera góð og auðskiljanleg (87%). Þetta jákvæða viðhorf kemur einnig fram þegar spurt er um fermingarathöfnina og eru nær allir foreldrar (97%) sammála um að hún hafi verið falleg og hátíðleg stund. Loks finnst flestum foreldrum (71%) að þeir hafi styrkt tengslin við kirkjuna eftir veturinn. Þessi niðurstaða staðfestir að því betur sem fólk þekkir til helgihaldsins, því betur nýtur það þess. Hér er munur á milli mæðra og feðra, en mæður mæta betur með börnum sínum og eru jákvæðari í garð helgihaldsins.

Mynd 5




Löng hefð er fyrir því að skylda fermingarbörn til að mæta í ákveðinn fjölda messa. Fermingarfræðarar verða varir við óánægju barnanna, einkum við upphaf fermingarstarfsins, með skyldumætinguna og skoðanir eru skiptar um hvaða leið eigi að fara í þessum efnum. Flestir foreldrar (72%) telja barnið sitt vera ánægt með að mæta til helgihalds og taka þátt í messunni (mynd 6). Þessi jákvæða niðurstaða kemur e.t.v. á óvart í ljósi umræðunnar. Hér ber að hafa í huga að spurt er í lok fermingarráttarinnar, þegar börnin eru orðin handgengin guðsþjónustunni. Jákvæð afstaða foreldra til helgihaldsins er til marks um að þeim finnst það gagnlegt og gott fyrir börn sín að kynnast helgihaldinu.

Mynd 6




Verkefni fermingarfræðslunnar er að glæða áhuga barnanna á trúnni svo að hún verði lifandi veruleiki í lífi þeirra, styrki þau og leiði í samfélagi kirkjunnar. Hér má ávallt gera betur og reynir á að ná til barnanna á þeirra forsendum og áhugasviði hverju sinni. Að meta árangurinn af því er huglægt mat, því það byggist ekki aðeins á aukinni þekkingu, heldur einnig trúarreynslu, bættri líðan og fleiri þáttum. Foreldrar voru vel að sér um fræðsluna (myndir 7 og 8), en aðeins 14% þeirra sögðu að börnin hefðu sjaldan eða aldrei rætt við þau um það sem fram fór. Meirihluti foreldra (64%) eru sammála því að áhugi barna þeirra hafi aukist á trúnni og 76% telja að þau hafi verið áhugasöm um fræðsluna.

Mynd 7




Mynd 8




Bæði íslenskar og erlendar rannsóknir hafa sýnt að trúarleg uppeldismótun fer einkum fram innan fjölskyldunnar og þar hafa mæður hvað mest um miðlun trúararfsins að segja með því að kenna börnunum bænir, ræða trúmál og segja þeim Biblíusögur. Reynolds fermingarfræðara og presta er að sá hópur barna fari stækkandi sem kann ekki bænir eða þekkir Biblíusögur. Það getur haft áhrif á trúarþroskann, einnig hæfileika barnanna til að lesa í menninguna og öðlast skilning á mikilvægi trúarbragða í samfélagi manna þegar fram í sækir. Í svörum foreldra (mynd 9) kemur fram að álíka margir höfðu sjaldan eða aldrei rætt við börn sín um trúmál (13%) eða kennt þeim bænir (17%) og aðeins 20% foreldra höfðu sagt börnum sínum Biblíusögur. Þá er fylgni á milli þess að foreldrar segi börnum sínum Biblíusögur, ræði við þau um trúmál og biðji með þeim. Af því má ráða að um 15% barnanna hafa lítinn trúarlegan bakgrunn frá heimilum sínum. Einnig kemur fram að mæður ræði frekar en fedur við börn sín um trúmál, biðji með þeim og segi þeim Biblíusögur (mynd 10).

Mynd 9




Mynd 10



Hlutverk kirkjunnar er að styðja fjölskyldur í skírnarfræðslunni, t.d. með því að bjóða upp á barna- og unglíngastarf. Í starfinu er lögð áhersla á uppbyggjandi samfélag í trú og gleði og vaxandi áhersla hefur verið lögð á kóra- og listastarf fyrir börn. Hátt hlutfall barna sótti sunnudagaskóla (73%), en í öðru starfi var hlutfallið lægra og lægst í öðru trúarlegu starfi (4%) (mynd 11). Hér var nokkur munur á milli safnaða varðandi þátttöku barnanna og fór það einkum eftir því hvort tiltekið starf var í boði eða ekki. Börn sem hafa sótt sunnudagaskóla eru líklegri að taka þátt í barnastarfi og sama á við um barnastarf og unglíngastarf. Athyglisvert er að tæplega helmingur barna (40%) hefur sótt sumarþúðir þjóðkirkjunnar eða KFUM og KFUK, en þar er nokkur munur á milli safnaða.

Mynd 11



Foreldrar voru spurðir hvað hefði breyst frá því að þau fermdust sjálf. Margir foreldrar svöruðu hvorki né, en af þeim sem afstöðu tóku má greina að fjölbreytni hefur aukist og utanbókarlærdómur minnkað, en námsefnið hefur lítið breyst. Þegar foreldrarnir fermdust þurftu þau að mæta í svipað margar messur og börn þeirra og telja 40% að þau hafi kunnað fleiri bænir og Biblíusögur þegar þau fermdust.

Í opnum spurningum kemur fram þakklæti til starfsfólks og fermingarfræðara fyrir vandað og gott starf, einnig hrós fyrir líflegar messur og skemmtilegar fermingarathafnir. Sumir sögðu að starfið hefði farið langt fram úr væntingum og haft afar jákvæð áhrif á alla fjölskylduna. Ábendingar um það sem betur mætti fara voru á þá leið að gera starfið fjölbreyttara, draga úr skyldum sem hvíla á börnunum, þ.e. að mæta í messur og aðra viðburði tengda fermingarstarfinu. Einnig að hafa almennari fræðslu byggða á lífsleikni og siðfræði.

Samantekt

Af niðurstöðum könnunarinnar má sjá að kirkjan nýtur trausts foreldra og að þeir eru ánægðir með fermingarstarfið í söfnuðum Kjalarnessprófastsdæmis. Það á bæði við um umgjörð starfsins sem og fræðsluna sjálfa og fermingarfræðara og áhuga fermingarbarnanna. Það þarf hins vegar að hafa í huga að mæður er jákvæðari í garð fermingarfræðslunnar og helgihaldsins og bregðast við því.

Viðburðir í fermingarstarfinu hafa fest sig í sessi og börnin eru jákvæð gagnvart nýjum viðburðum. Foreldrar eru jákvæðir í garð helgihaldsins og meirihluti þeirra sækir það reglulega yfir veturinn og hefur styrkt tengslin við kirkjuna í vetrarlok. Þessi afstaða helst í hendur við þá niðurstöðu í könnuninni að foreldrar telja þátttöku barna sinna í helgihaldinu mikilvægan þátt í fermingarundirbúningnum.

Fermingarbörnin eru misjafnlega undirbúin undir fermingarstarfið. Meirihluti þeirra hefur sótt sunnudagaskóla og á óvart kemur hve mörg þeirra hafa farið í kristilegar sumarbúðir. Ákveðinn hluti fermingarbarnanna hlýtur lítið trúaruppeldi hjá foreldrum sínum. Þau kunna lítið af bænum eða Biblíusögum og á heimilum þeirra fer sjaldan fram umræða um trúmál eða það sem gert var í fermingarfræðslunni. Þrátt fyrir lítil trúarleg tengsl fermist þessi hópur innan kirkjunnar og tekur þátt í fermingarstörfunum. Að baki liggur sterk hefð og margir söfnuðir bjóða upp á vandað og gott fermingarstarf sem nýtur trausts. Að sama skapi eru mörg börn sem hafa hlotið trúaruppeldi og eru vel undirbúin þegar kemur að fermingarfræðslunni. Þetta eru hópar með ólíkar kröfur og væntingar sem þarf að mæta í fermingarstarfinu.

Að mati foreldra jókst áhugi fermingarbarnsins á trúnni og það var áhugasamt um fermingarfræðsluna. Af því má ráða að trúarvitund barnsins hafi styrkst og áhugi þess aukist á starfi og tilvist kirkjunnar. Það er einnig stutt jákvæðri afstöðu til helgihaldsins og þátttöku í því. Það er því ljóst að kirkjan er að ná árangri með starfi sínu samkvæmt markmiðum fræðslustefnunnar.

Stefnt er að því að halda áfram að senda árlega út spurningalista til foreldra. Á næsta ári verður bætt við spurningum, s.s. um aldur foreldra, afstöðu þeirra til vikunámskeiða í upphafi fermingarstarfsins, um líðan barnanna og um efni, sem foreldrar telja mikilvægt að sé fjallað um í fermingarfræðslunni. Jafnframt stendur til að spyrja nánar um helgihaldið, s.s. tónlist, sálmaval og umgjörð. Þá þyrfti einnig að gera könnun meðal fermingarbarna um viðhorf þeirra til fræðslunnar, viðburða og helgihalds.

September 2018

Stefán Már Gunnlaugsson
Héraðsprestur Kjalarnessprófastsdæmis